

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnæssýslu  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 28. nóvember 2016  
UST201610-163/K.S.J.  
10.04.00

### **Efni: Tillaga að deiliskipulagi Brúarvirkjunar í Biskupstungnahreppi, Bláskógabyggð**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita Árnæssýslu er barst 21. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi Brúarvirkjunar í Tungufljóti í Biskupstungnahreppi í Bláskógabyggð. Brúarvirkjun og tengdar framkvæmdir hafa farið í mat á umhverfisáhrifum.

Fram kemur í greinargerð deiliskipulagstillögunnar að tvö ný iðnaðarsvæði eru skilgreind vegna áætlaðra framkvæmda. Einnig kemur fram að gert er ráð fyrir þremur nýjum efnistöku- og efnislosunarsvæðum og að inntakslón kemur til með að verða 8,6 ha.

### **Veitur**

Umhverfisstofnun bendir á að fráveita skal vera í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

### **Umhverfisskýrsla**

Í umhverfisskýrslu kemur fram að virkjunin mun hafa áhrif á frístundabyggð í landi Brúar þar sem virkjanasvæðið er í dag óraskað, og munu því verða neikvæð sjónræn áhrif af virkjuninni. Einnig kemur fram að mögulega megi bæta ásýnd með mönum. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að vanda til verka og vanda frágang svo sjónræn áhrif verði svo lítil sem kostur er því manir við frístundabyggð í dreifbýli myndu einnig hafa sjónræn áhrif.

### **Gróður/skógrækt**

Í greinargerð deiliskipulags kemur fram að áætluð virkjunarmannvirki munu raska gróðri á rúmlega 10 ha svæði, þar af 7 ha af birkikjarri. Umhverfisstofnun bendir á að í álitum Skipulagsstofnunar kemur eftirfarandi fram: „Í framkvæmdaleyfi þarf að koma fram á hvaða svæðum eigi að ráðast í endurheimt votlendis og birkikjarrs í samráði við Umhverfisstofnun, Skógræktina, sveitarfélag og landeigendur.“

### **Skilmálar**


Umhverfisstofnun tekur undir skilmála sem gilda um framkvæmdina Brúarvirkjun í Tungufljóti.


### **Niðurstaða**

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda deiliskipulagstillögu sem nær yfir framkvæmdir sem hafa farið í gegnum mat á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun tekur undir þau skilyrði varðandi framkvæmdina er fram koma í umhverfisskýrslu. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að vandað verði til verka við allar framkvæmdir og að forðast verði allt óþarfa rask, enda áætlaðar

framkvæmdir á óröskuðu svæði. Umhverfisstofnun minnir á þau skilyrði sem sett voru af Skipulagsstofnun í álitum um mat á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem felast í ofangreindri skipulagsbreytingu: „Í framkvæmdaleyfi þarf að koma fram á hvaða svæðum eigi að ráðast í endurheimt votlendis og birkikjarrs í samráði við Umhverfisstofnun, Skógræktina, sveitarfélag og landeigendur. Í framkvæmdaleyfi þarf að koma fram að rannsakað verði hvort straumönd verpi í eða við lónsstæði fyrirhugaðrar Brúarvirkjunar og svæði sem fer undir stíflumannvirki. Rannsóknin þarf að fara fram áður en framkvæmdir hefjast við stíflu eða lónstæðið.“

Virðingarfyllt

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur